

Sp. 138. Tillaga til þingsályktunar [111. mál]

um almenna atkvæðagreiðslu um áfengt öl.

Flm.: Magnús H. Magnússon, Friðrik Sophusson, Guðrún Helgadóttir,
Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram almenna atkvæðagreiðslu um heimild til bruggunar og sölu meðalsterks áfengs öls.

Atkvæðagreiðslan fari fram samtímis næstu alþingiskosningum eða sveitarstjórnarkosningum, hvorar sem á undan verða.

Greinargerð.

Tvisvar áður, hin síðari ár, hefur bruggun og sala áfengs öls komið til kasta Alþingis í frumvarpsformi. Þau mál fengu mikið umtal, innan þings og utan. Annað var fellt. Hitt fékk ekki afgreiðslu.

Í þessari þingsályktunartillögu er **ekki** gert ráð fyrir því, eins og í fyrri tilvikum, að Alþingi sjálft taki endanlega ákvörðun í málinu, heldur verði því skotið til ákvörðunar þjóðarinnar í almennri atkvæðagreiðslu, eins og raun er á um aðrar meiri háttar breytingar er varða áfengislög. Einnig eru ákvarðanir um opnun eða lokun áfengisútsölu teknar í almennum atkvæðagreiðslum í viðkomandi sveitarfélagi.

Flutningsmenn gera ekki lítið úr þeirri hættu sem neyslu áfengis fylgir né þeirri ógæfu sem af ofneyslu þess hlýst. Hins vegar finnst flutningsmönnum það skjóta nokkuð skökku við að banna sölu á veikustu tegundum áfengis með öllu en leyfa ótakmarkaða sölu á sterkustu tegundum þess. Það sýnist svipað og að banna sölu á magnyl en leyfa sölu á morfíni.

Fram á 16. öld var áfengt öl, mjöður, notað í allmiklum mæli hér á landi og er ekki vitað til þess að um áfengisvandamál hafi þá verið að ræða. Það kom fyrst þegar farið var að flytja brennda drykki til landsins.

Andstæðingar áfengs öls hafa einkum uppi þau rök að það muni bætast við þá áfengisneyslu sem fyrir er, ekki koma í staðinn fyrir hana. Það telja þeir vera reynslu annarra þjóða þar sem ölið hefur verið leyft eftir langvarandi bann. Það má rétt vera, en í þeim tilvikum hefur sala ölsins verið leyfð í öllum matvöruverslunum. Flm. telja að áfenga ölið eigi einungis að selja í verslunum Á.T.V.R. í heilum og hálfum kössum og í þeim veitingahúsum, sem hafa vínveitingaleyfi, og til útflutnings. Annars er reynsla flestra þjóða sú að áfengisneysla hefur aukist hin síðari ár, hvort sem áfengt öl hefur verið leyft eða ekki. Einnig skal það undirstrikað að hér er átt við meðalsterkt öl, ekki sterkari tegundir þess.

Ekki má gleyma því að leyfður er innflutningur á ölgerðarefnum sem margir notfæra sér og brugga þá oftast mun sterkara öl en áfengislögin leyfa og sterkara en það öl sem hér er talað um. Auk þess hafa ýmsir í framhaldi af því leiðst út í eimingu og þar með bruggun sterkra vína. Það er afleitt að hafa lög í landi sem fáir virða og ekki er unnt að framfylgja. Það venur menn á lögbrot og slíkum lögum ber að breyta.

Auðvitað má endalaust deila um þessa hluti, enda sýnir reynslan það. Ýmis rök finnast á móti sölu áfengs öls, en miklu fleiri með að mati flutningsmanna, a. m. k. á meðan áfengissala er á annað borð leyfð.

Flutningsmenn telja eðlilegast að þjóðin sjálf skeri úr í þessum efnum í almennri atkvæðagreiðslu og því er þingsályktunartillagan flutt.

Í framhaldi af þeirri atkvæðagreiðslu, sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir, þarf að fylgja formleg breyting á 7. gr. áfengislaga, nr. 82/1969, ef það reynist vilji meiri hluta kjósenda.